

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Akureyri, 15. júní 2023
UST202305-269/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dagsett þann 24.5.2023 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram 5. júní 2023.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Plöntuverndarvörunar Agil 100 EC, Centium 360 CS, Devrinol, Maxim 100 FS, Meltatox Neem Azal-T/S, Pirimor G, Previcur Energy, Proxanil og Titus WSB, sem féllu undir umfang eftirlitsins, voru skoðaðar hjá fyrirtækinu og uppfylltu ekki kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Frávik frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. frest til 30.6.2023 til að senda stofnuninni:

- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Agil 100 EC frá árinu 2022, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Devrinol frá árinu 2022, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Maxim 100 FS frá árinu 2022, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Meltatox frá árinu 2022, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Neem Azal-T/S frá árinu 2022, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Pirimor G frá árinu 2022, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.

- Staðfestingu (t.d. mynd) á að merkimiða fyrir Titus WSB frá árinu 2020, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Staðfestingu (t.d. mynd) á að uppfærðum merkimiða fyrir Proxanil, frá leyfishafa, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.
- Afrit af merkimiða fyrir vöruna Centium 360 CS sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna, í samræmi við skilyrði 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur.
- Afrit af merkimiða fyrir vöruna Previcur Energy sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna, í samræmi við skilyrði 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202305-269.

Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. hér með frest til 30.6.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 22.6.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið helga.jonsdottir@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla